

Mál nr. 376/2014
M og
V vegna ábyrgðartryggingar H.

Kona rann til í hálfu og slasaðist þ. 16.12.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 16.12.2014 ásamt fylgiskjöllum 1-11
2. Bréf V dags. 5.1.2014 ásamt fylgiskjali.
3. Bréf lögmanns M dags. 20.1.2015.

Málsatvik.

M var á leið til vinnu og bílastæði fyrir utan vinnustað hennar hjá H voru full og lagði hún bifreið sinni í stæði verslunar í námunda við vinnustaðinn. Þegar M var að ganga frá bílastæðinu að vinnustað sínum rann hún til í hálfu í halla á milli bílastæðanna og slasaðist. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu H hjá V. M segir að ekki hafi verið búið að salta eða sanda gönguleið á milli bifreiðastæðanna. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu H hjá V og segir að aðstæður hafi verið óforsvaranlegar vegna ónógra hálkuvarna. M telur að H hafi átt að sjá til þess að nægjanlega mörg bílastæði væru fyrir starfsfólk og forráðamönnum H hafi verið ástand þessara mála vel kunnugt og lagfært eftir slysið. V hafnar bótaskyldu og segir að slys M verði ekki rakið til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi H eða starfsmanna H. Þá bendir V á að staðurinn þar sem M féll var ekki inni á lóð H heldur annars aðila og frágangur og hálkuvörnum ekki á ábyrgð H. Þá segir V að þær breytingar sem H hafi gengist fyrir tengist ekki slysi M.

Álit.

Ekkert er fram komið sem bendir til vanrækslu H eða aðila sem hann ber ábyrgð á eða að um óforsvaranlegar vinnuaðstæður hafi verið að ræða sem leitt gætu til bóta í þessu máli. M rann til í hálfu og slasaðist á lóð annars aðila en H og ber H ekki ábyrgð á frágangi og hálkuvörnum hjá öðrum aðilum. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu H hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu H hjá V.

Reykjavík 22.1.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.